

	Tekjur.	Kr. A.	143
1. Í sjóði		2200	"
2. Niðurjöfnun		1500	47
		<hr/>	3700
		47	
	Gjöld.	Kr. A.	
1. Til bólusetninga og annara heilbrigðismálefna		300	"
2. Til ferðakostnaðar		200	"
3. Til kennslu heyrnar- og málleysingja		800	"
4. Til sáttamálefna		20	"
5. Endurgjald á lánum		680	47
6. Kostnaður við amtsráðið		200	"
7. Ýmisleg útgjöld		500	"
8. Sjóður við árslok		1000	"
		<hr/>	3700
		47	

Reykjavík, 29. september 1880.

Bergur Thorberg.

D.

144

Fundur amtsráðsins í vesturumdæminu 12. og 13. júlí 1880.

Fundurinn var haldinn að Bæ í Hrutafirði af forseta amtráðsins, amtmanni Bergi Thorberg, með amtsráðsmönnum sýslumanni Sigurði Sverrissyni og jarðyrkjumanni Torfa Bjarnasyni.

Þessi málefni komu til umræðu á fundinum:

1. Forseti lagði fram til endurskoðunar þessa 3 reikninga fyrir árið 1879:
 - a. Reikning yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs vesturamtsins.
 - b. Reikning búnaðarsjóðs vesturamtsins.
 - c. Reikning yfir búnaðarskólagjaldið í vesturamtinu.

Reikningar þessir voru yfirskoðaðir og lýstu hinir kosnu amtsráðsmenn því yfir, að þeir ekkert fyndu við þá að athuga.

2. Amtsráðið veitti samþykki sitt til þess, að sýslunefndin í Dalasýslu, eins og hún hafði ákveðið, mætti kaupa $\frac{1}{4}$ úr jörðinni Ásgarði til skólafundunar fyrir 1300 kr., og að hún mætti útvega kaupverðið með því að taka það að láni fyrir sýslusjóðinn.
3. Forseti lagði fram brjef landshöfðingjans, þar sem leitað er álitis amtsráðsins um nokkrar breytingar á póstgöngunum í vesturamtinu (smbr. fundargjörðir amtsráðsins í júnímánuði 1879, nr. 9.). Amtsráðið fjellst á þær breytingar í þessu tilliti, sem teknar eru fram í brjefi landshöfðingjans, og vildi ráða til, að þær sem fyrst kæmu til framkvæmdar. En breytingar þessar eru fólgnar í þeim atriðum, er nú skal greina: Í stað þess, eins og hingað til hefir átt sjer stað, að láta aukapóstinn ganga á aðalpostleiðinni milli Reykjavíkur og Ísafjarðar frá Hjarðarholti í Dölum yfir Breiðabólstað á Skógarströnd til Stykkishólms og þaðan um Snæfellsnessýslu til Raudkollsstaða í Hnappadalssýslu og þaðan til Staðarhrauns, í Mýrasýslu, þá er svo til ætlazt:
 - a. Að frá Hjarðarholti í Mýrasýslu (nú Arnarholti) gangi aukapóstur til Stykkishólms út úr aðalpostleiðinni frá Reykjavík til Ísafjarðar, og fari hann um á Staðarhrauni og Raudkollsstöðum. Frá Raudkollsstöðum sendist aukapóstur til

144

Staðarstaðar, Búða og Ólafsvíkur, sem snúi aptur að Rauðkollsstöðum, áður en pósturinn, sem gengur frá Stykkishólmi til Reykjavíkur kemur á þessar póststöðvar. Farardeggi póstsins frá Stykkishólmi til Reykjavíkur (Arnarholts í Mýrasýslu) skal haga þannig, að pósturinn þar (þ: í Arnarholti) geti náð aðalpóstinum frá Ísafirði til Reykjavíkur.

- b. Að frá Stað í Hrútafirði stofnist aukapóstferð til Stykkishólms, er liggi um Hjarðarholt í Dalasýslu og Breiðabólstað á Skógarströnd. Þessi póstur skyldi fara frá Stað í Hrútafirði daginn eftir að aðalpósturinn frá Akureyri væri þangað kominn, dvelja tvo daga í Stykkishólmi og snúa síðan aptur að Stað í Hrútafirði. Þessum pósti er ætlað að taka í Hjarðarholti sendingar þær, sem komið hafa með Ísafjarðarpósti og einnig að skilja þar eftir sendingar þær, sem eiga að fara í Dala-, Barðastrandar- og Ísafjarðar sýslur.
4. Eftir beiðni sýslunefndarinnar í Strandasýslu veitti amtsráðið samþykki sitt til þess, að sýslusjóður nefndrar sýslu taki lán að upphæð 300 kr. til að endurbæta sýsluvegin milli Grænumýrartungu og Mela í Hrútafirði, en lán þetta skyldi endurgjaldast af vegabótagjaldi sýslunnar með 50 kr. á ári auk venjulegra vaxta.
5. Forseti tilkynnti amtsráðinu, að presturinn síra Páll Pálsson á Stafafelli hafi lýst því yfir, að hann ekki að svo komnu sjái sjer fært að taka til kennslu heyrnar- og mállausa unglinga aðra en þá, sem nú eru hjá honum.
6. Amtsráðið samþykkti, að forseti hafði á þessu ári sumpart greitt og sumpart lofað að greiða 150 kr. sem styrk úr jafnaðarsjóði vesturamtsins til kvennaskólans í Reykjavík, og veitti nefndum skóla hinn sama styrk fyrir árið 1881.
7. Í tilefni af beiðni, er komið hafði frá sýslunefndinni í Barðastrandarsýslu, fjellst amtsráðið á að mæla fram með því, að næsta ár verði lagt fje til vegabóta á fjallveginum yfir Þorskafjarðarheiði. Jafnframt vildi amtsráðið lýsa yfir þeirri skoðun sinni, að hin brýnasta nauðsyn bæri til að gjöra þegar á næsta sumri yfirgrípsmiklar vegabætur á Bjarnardal, sem er framhald af Bröttubrekku fjallvegi. Með tilliti til bónarbrjefs frá sýslunefndinni í Dalasýslu um áframhald vegagjörðarinnar á Laxárdalsheiði, skýrði forseti frá, að til þessa fjallvegur yrði nú í sumar varið 400 kr., sem til þess væru veittar úr landssjóði, og áleit amtsráðið nauðsynlegt, að þessari vegagjörð yrði einnig að einhverju leyti áfram haldið næsta ár.
8. Þar eð sýslunefndarmaður Helgi Helgason í Vogu hafði farið þess á leit, að vegurinn frá Staðarhrauni að Vogu yrði gjörður að sýsluvegi, hafði um þetta verið leitað álits hlutadeigandi sýslunefndar, en hún hafði verið því mótmælt, að beiðni þessi yrði tekin til greina, og þessu áliti sýslunefndarinnar var amtsráðið samdóma.
9. Samkvæmt tillögum sýslunefndarinnar í Mýrasýslu ákvað amtsráðið, að hinn svo nefndi «Einkunnavegur», sem liggur vestan frá Langá yfir Borgarhreppinn og á sýsluveg þann, sem liggur ofan að Brákarpollu (sýsluvegin b) skuli hjer eftir vera sýsluvegur.
10. Með tilliti til þess, að sýslunefndin í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu hafði mælt fram með þeirri beiðni hreppsþænda í Breiðuvíkurreppi, að ákveðinn verði sýsluvegur yfir nefndan hrepp endilangan ályktaði amtsráðið að leita ítarlegri upplýsinga um þenna veg, og sjerstaklega um það, hvort hreppur þessi hafi aðra vegi að annast sem hreppsvegi en þann, sem hjer er um rætt.
11. Eftir tillögum sýslunefndariunar í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, ákvað amtsráðið að þessir tveir vegakafflar hjer eftir, skuli teljast með sýsluvegum:

- a. Vegurinn frá fjallveginum yfir Raudamelsheiði, sem endar á Raudamel, yfir Gerðubergs- Þverár- og Dalsmynniss lönd, þangað sem sýsluvegurinn eptir endilangri sýslunni, tekur við á melunum fyrir ofan Söðulsholt.
- b. Vegurinn frá Grímsá í Miklaholtshreppi eptir Langaholti og Hofstaðahólum útað ánni Furu í Staðarsveit, þar sem sýsluvegurinn tekur við.
12. Eptir tillögum sýslunefndarinnar í Barðastrandarsýslu ákvað amtsráðið enn fremur, að þessir tveir vegir framvegis skuli teljast með sýsluvegum.
- a. Vegarkaffinn af sýsluveginum «a» milli Hríshóls og Berufjarðar, út yfir Barmahlíð, og eptir Reykjanesi sunnanverðu, sem leið liggur að Stað á Reykjanesi.
- b. Vegurinn yfir fjallið Hálfán, frá Bildudal ofan í Talknaðarfjörð og inn með honum norðanverðum, fyrir fjarðarbotninn, og neðan svo kallaða Hálsögötu, yfir Höfðadal og Mikladal, sem leið liggur að Geirseyri,
- Þar á mót fann amtsráðið ekki ástæðu til að fallast á þá uppástungu sömu sýslunefndar, að gjöra að sýsluvegi vegarkaffinn af sýsluveginum «a» við Nes-hyrnu í Geiradalshreppi upp með hlíðinni, með bæjunum Litlu-Brekku og Bakka, að Valshamri, þangað sem sýsluvegurinn c yfir Tröllatúnguheiði byrjar.
13. Amtsráðið ákvað að leita ítarlegri upplýsinga í tilefni af umkvörtun hreppsnefndarinnar í Helgafellssveit yfir því, að sýslunefndin hafði látið gjöra aukaveg í Stykkishólmi af plássinu uppáð húsi prófastsins og þaðan að veitingahúsinu, án þess að gætt hafi verið þess, sem fyrirskipað er í 16 gr. sveitarstjórnarlaganna og 3. gr. í tilsk 15. marz 1861.
14. Amtsráðið veitti Þórði Jónssyni fyrrum að Vatni í Haukadale, nú á Smyrlhóli, 14 kr. úr jafnaðarsjóði, sem viðbót við kaup það, er honum hafði verið á sínum tíma greitt fyrir að vera í Hvítárverði 1875, en hann hafði fært sönnur á, að kaup hans þá hefði verið vanreiknað.
15. Sýslunefndin í Barðastrandarsýslu hafði farið þess á leit, að amtsráðið samþykkti að verja mætti sýsluvegagjaldi Flateyjarhrepps fyrir árið 1878, að upphæð 61 kr. 56 a., til þess að bæta skipa- og bátaleiðir í hreppnum og efla þar með samgöngur og fjelagsskap. En eptir hinum gildandi lögum, einkum 4. gr. í lögum um vegina á Íslandi 15. okt. 1875, áleit amtsráðið sig ekki hafa heimild til að veita hið umbeðna samþykki; en fann jafnframt ástæðu til að benda sýslunefndinni á, að hún eptir 39. grein sveitarstjórnarlaganna, tölulíð 1., virðist hafa leyfi til að greiða úr sýslusjóði (af hinu niður jafnaða sýslusjóðsgjaldi) það fje, er útheimtist til þeirra ráðstafana, er hún álitur nauðsynlegar í hinu umrædda tilliti, að minnsta kosti að því er snertir lendingar í hreppnum.
16. Út af beiðni sýslunefndarinnar í Dalasýslu um að fá sem fyrst reglugjörð þá, sem um er rætt í 15. gr. sveitarstjórnarlaganna, ákvað amtsráðið að hreifa þessu máli við landshöfðingja.
17. Í tilefni af uppástungu sýslunefndarinnar í Barðastrandarsýslu um, að ekkjunni Kristínu Guðmundsdóttur á Króki í Dalahreppi mætti veitast úr sýslusjóði 20 kr. árleg vidurkenning fyrir langa og ötula þjónustu sem yfirsetukona í sýslunni, ákvað amtsráðið, að upphæð þessi mætti veitast henni fyrir yfirstandandi ár, en að það yrði að vera komið undir nýrri ákvörðun, hvort hún eptirleidis geti fengið áþekkan styrk, og yrðu þar um að fram koma nýjar tillögur í hvert skipti.
18. Forseti lagði fram brjef landshöfðingjans dags 27. jan. þ á., þar sem beðið er um

144 tillögur amtsráðsins viðvíkjandi því fje, sem í fjárlögunum er veitt fyrir 1880 til eflingar búnaði.

Það voru tillögur ráðsins, að fje þessu, sem fyrir þetta ár er 10000 kr., í þetta sinn verði skipt milli amtanna eptir sama hlutfalli og að undanförmu, en að framvegis sje tiltækilegast að fara við skiptin eptir fólkstölunni, eins og hún reynist við hið nýja fólkstal, þannig að hlutfallið milli amtanna verði lagað eptir því. Eptir þessu ætti vesturamtsins hluti af ofan nefndri fjárupphæð að verða alls 2466 kr. 66 á. Því næst voru það tillögur ráðsins, að búnaðarfjelög og sjóðir fái helming þessarar upphæðar, eða 1233 kr. 33 a., og að þessu fje verði þannig skipt, að

búnaðarfjelag Hörðudalshrepps	fái 100 kr. »aur.
— Miklaholts og Eyjahrepps	— 100 — » —
— Kolbeinsstaðahrepps	— 50 — » —
— Skógarstrandahrepps	— 50 — » —
— Hraunhrepps	— 50 — » —
allt til verkfærakaupa, og loks	

Búnaðarsjóður vesturamtsins — 883 — 33 —

Þar á móti virtist amtsráðinu ekki ástæða til að stinga upp á því, að hinn svo kallaði Kjernesteds-styrktarsjóður í Kolbeinsstaðahreppi kæmi til greina, eptir augnamíði þess sjóðs.

Þar næst voru það tillögur ráðsins, að af hinum helmingnum (1233 kr. 33 a.) af hinu umrædda fje verði veitt:

- a. Styrkur til kennslustöfnunarinnar í Ólafsdal, samkvæmt tilætlun amtsráðsins á fundi þess í júnímánuði 1879 (stjórnartíð. B. bls. 107, nr. 11.) 700 kr. »aur.
 - b. Tillag til verðlauna handa Torfa Bjarnasyni í Ólafsdal fyrir að hafa inn leitt hjer á landi hina skozku ljái (sjá nr. 19. hjer á eptir) 123 — 33 —
 - c. Styrkur handa búfræðingi Halldóri Jónssyni á Laugabóli til að leita sjer frekari menntunar í búfræði í Danmörku 200 — » —
 - d. Verðlaun handa Kristjáni Tómassyni á Þorbergsstöðum fyrir dugnað í búnaði, til verkfærakaupa 100 — » —
 - e. Verðlaun handa Pjetri Jónssyni á Malarrífi fyrir dugnað í búnaði, til verkfærakaupa 100 — » —
19. Forseti bar fram þá uppástungu, að jarðyrkjumanni Torfa Bjarnasyni í Ólafsdal yrðu veittar 1000 kr. úr landssjóði af því fje, sem ætlað er til eflingar búnaði, sem verðlaun fyrir hina nýju ljái, sem hann hefir inn leitt hjer á landi, og sem mega álitast að hafa komið að mjög miklum notum og gjört heyskapinn fljótari og ljettari. Þessari uppástungu var Sigurður sýslumaður Sverrisson að öllu leyti samþykkur, og var það sameiginleg tillaga hans og forseta amtsráðsins, að þessi verðlaun yrðu greidd af því fje óskiptu, sem öllu landinu er ætlað, eða eptir því hlutfalli milli amtanna, sem annars er viðhaft við skiptingu þessa fjár. Að eðlilegra sje, að verðlaun þessi sjeu greidd af hinu umrædda fje óskiptu en af vesturamtsins hluta eingöngu, virtist meiri hluta amtsráðsins auðsætt, þar sem það, sem verðlaunin eiga að greiðast fyrir, kemur öllu landinu jafnt að notum, og engu síður hinum ömtunum en vesturamtinu. Eptir þessari tillögu ættu 246 kr. 66 a. að greiðast af vesturamtsins hluta af optnefndu fje, og var það enn fremur álit meiri hlutans, að helmingur þar af (123 kr. 33 a.) ætti að greiðast af þeim hluta, er tilfjelli búnaðarsjóði vesturamtsins.

20. Prófastur sira Eiríkur Kúld hafði beiðst styrks til að kaupa 2 ær og 1 hrút af «Merino»-sauðakyni, en amtsráðinu þótti ísjárvert, að mæla fram með því, að hið umbeðna yrði veitt, einkum þar eð hjer ekki er að ræða um, að útvega fje þetta handa fyrirmyndabúi eða kynbótastofnun, þar sem viðunandi trygging gæti verið fyrir rjettri meðferð á því.

21. Síðan var rætt um tekjur og gjöld búnaðarsjóðs vesturamtsins fyrir 1880.

Að því fje meðtöldu, sem gjört er ráð fyrir, að búnaðarsjóðurinn fái úr landssjóði, er ætlazt á að tekjur hans verði hjer um bil 1280 kr.

Af þessari upphæð ákvað amtsráðið að greiða skyldi:

a.	Til kennslustofnunarinnar í Ólafsdal, samkvæmt því, sem ákveðið var á fundi í júním. f. á. (stj.tíð. B. bls. 107, nr. 11.)	200 kr.	»	aur.
b.	Til Torfa Bjarnasonar í Ólafsdal, tillag til verðlauna, sjá 19. tölul. hjer að ofan	123	—	33 —
c.	Styrk til að nema búfræði í kennslustofnuninni í Ólafsdal handa Júlíusi Jóhanni Ólafssyni og Sæmundi Eyjólfssyni, 150 kr. handa hvorum (sem aukastyrk)	300	—	» —
d.	Verðlaun til Nielsar Eyjólfssonar á Grímsstöðum	50	—	» —
e.	— — — — — Jóns Bjarnasonar á Fögrubrekku	30	—	» —
f.	— — — — — Ásmundar Þórðarsonar í Snartartungu	30	—	» —
g.	— — — — — Sigurðar Ólafssonar á Skíðsholtum	50	—	» —
h.	— — — — — Kristínar Einarsdóttur á Dunki	30	—	» —
i.	— — — — — Guðrúnar Einarsdóttur á Laxárholti	50	—	» —
k.	— — — — — Davíðs Davíðssonar á Innstu Tungu	50	—	» —
		913	—	33 —

22. Forseti lagði fram frumvarp til reglugjörðar fyrir búnaðarkennslustofnun í Ólafsdal; var frumvarp þetta rætt og voru gjörðar við það nokkrar athugasemdir; síðan var ákveðið að það með áorðnum breytingum skyldi verða bráðabirgðareglugjörð fyrir nefnda kennslustofnun. Ágrip af reglugjörðinni mun verða tilfært hjer á eptir.

23. Amtsráðið sá sjer að þessu sinni ekki fært að taka til greina tvö bóunarbrjef um að fá jarðyrkjumann, annað frá Barðastrandarsýslu, en hitt frá Helgafellssveit í Snæfellsnessýslu, en vildi síðar meir, eptir því sem kostur væri á, taka tillit til bóunarbrjefa þessara.

24. Síðan var rædd og samþykkt eptirfylgjandi

ÁÆTLUN

um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs vesturamtsins fyrir árið 1881.

	Tekjur.	Kr.	A.
1.	Í sjóði	3000	»
2.	Niðurföfnun	828	80
		3828	80
	Gjöld.	Kr.	A.
1.	Til sakamála og lögreglumála	»	»
2.	Til bólusetninga og annara heilbrigðismálefna	250	»
3.	Kostnaður við kennslu heyrnar- og málleysingja	220	»
4.	Endurgjald kostnaðar við byggingu fangahúsa:		

Flyt 470 »

	Kr.	A.
		Flutt 470 "
a. 6. Afborgun af höfuðstól ($\frac{1}{16}$)	1292 kr.	" a.
b. Ársvextir af 12920 kr.	516 — 80 —	1808 80
5. Kostnaður við amtsráðið		300 "
6. Til ferðakostnaðar		200 "
7. Ýmisleg útgjöld		50 "
8. Eptirstöðvar		1000 "
		<hr/> 3828 80

25. Því næst voru yfirskóðaðir og úrskurðaðir eptirfylgjandi sýslureikningar
- Frá Mýrasýslu fyrir 1878. Í þessum reikningi virtust 70 kr. 23 a. að vera vanreiknaðir og var ákveðið að leita skýrslu reikningshaldara þar um.
 - Frá Barðastrandarsýslu fyrir 1878.
 - Frá sömu sýslu fyrir 1879.
 - Frá Strandasýslu fyrir 1879. Við reikningana b—c fannst ekkert að athuga.
 - Frá Dalasýslu fyrir 1879. Reikningur þessi hafði eigi verið endurskóaður af kosnum endurskóðunarmanni samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, og var því ákveðið, að hann skyldi endursendast sýslumanni til þess að bætt yrði úr þessum galla.
 - Frá Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu fyrir árið 1879. Við þenna reikning fannst ýmislegt ábótavant, og var því ákveðið, að hann skyldi sendur sýslumanni aptur til endurbóta.

Frá Mýrasýslu og Ísafjardarsýslu voru reikningarnir fyrir 1879 ekki komnir.

26. Var rætt um það, hvort fella mætti burt úr sýsluvegagjaldsreikningi Barðastrandarsýslu eptir ósk sýslunefndarinnar nokkrar gamlar skuldir, er sumpart hvildu á sýsluvegasjóðnum fyrir unnar vegabætur, en sumpart voru útistandandi af sýsluvegagjaldi nokkurra hreppa. En amtsráðið sá sjer ekki föert að veita leyfi til þessa, nema að að því leyti skuldajöfnuður gæti átt sjer stað.
27. Loks voru yfirfarnar útskriftir af gjörðabókum sýslunefndanna:
- Í Mýrasýslu, frá fundi 29. des. f. á.
 - Dalasýslu frá fundi 4. maí þ. á.
 - Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu frá fundi 20.—22. apríl þ. á.
 - Strandasýslu frá fundi 24. febr. og 10. júní þ. á.
 - Ísafjardarsýslu frá fundi 4. maí þ. á.

Reglugjörð

sem fyrst um sinn á að gilda fyrir búnaðarkennslustofnun vesturamtsins í Ólafsdal, dags. 14. ágúst 1880. (Ágrip).

1. gr. «Í Ólafsdal í Dalasýslu er sett kennslustofnun fyrir vesturamtíð í jarðarrækt og búfræði eptir samningi milli amtsráðsins í vesturamtinu og eiganda jarðar þessarar Torfa Bjarnarsonar, er hefir á hendi alla kennslu við stofnunina og umsjón hennar».
2. gr. «Tilgangur stofnunar þessarar er að veita ungum mönnum nægilega kunnáttu verklega og bóklega, í öllum þeim störfum, er snerta jarðarrækt og jarðabætur; að auka þekkingu þeirra og áhuga á framförum í landbúnaði, og yfir höfuð venja þá við verklegan dugnað».
3. gr. og 4. gr. innihalda almennar ákvarðanir um yfirumsjón amtsráðsins yfir stofnuninni og um skyldur kennarans. 5. gr. ákveður, að bóнарbrjef um að komast á kennslu-

stofnunina sendist amtmanni fyrir miðjan vetur, að þeim eigi að fylgja vottorð um gott 144
 siðferði sökjandanna og dagnað; svo og um það, að þeir sjeu heilsugóðir og hafi fengið
 nægan þroska til allrar venjulegrar sveitavinnu og kunni hana, að þeir sjeu vel lesandi,
 skrifi læsilega, og kunni að reikna 4 höfuðgreinir í heilum tölum. 6. gr. »Kensluárið
 reiknast frá 1. júní til 31. maí, kenslutíminn er 2 ár, og skuldbinda lærisveinarnir sig,
 með því að sökja um að verða teknir inn á stofnunina, til að vera þar þenna tíma, eða
 til að endurgjalda ella þann styrk, sem með þeim hefir verið lagður af almannaþje, ef þeir
 án gildra orsaka fara burt af stofnuninni», 7. gr., 8. gr., 9. gr. og 10. gr. inni halda
 ýmsar ákvarðanir um hið innra fyrirkomulag á stofnuninni, tilhögun kennslunnar, m. m.
 11. gr. »Á ári hverju í júnímánuði, eptir því, sem amtmaður nákvæmar ákveður, skal
 halda burtfararpróf við kenslustofnunina, þegar nokkrir lærisveinar hafa endað lærdóms-
 tíma sinn. Skulu vera við prófið sem prófdómendur tveir menn úr amtsráðinu, eða
 aðrir prófdómendur, sem amtmaður til þess kveður». Í 12. gr. eru taldar hinar verk-
 legu kennslugreinir :a. Að brúka plóg, herfi, hestareku og önnur þau áhöld, sem þarf við
 þúfnasljettun og að beita hestum fyrir þau. b. Vatnsveitingar. c. Að þurka upp vot-
 lendi. d. Maturtarækt. e. Ræktun sáðjurta til fóðurs. f. Að fara rjett með allskonar
 áburð. g. Að gjöra girðingar einkum af grjóti. h. Að sprengja grjót. i. ymisleg aðferð
 og verkstjórn við heyvinnu. k. Smíðar (aðgjörð að verkfærum). l. Landmæling. (Að
 mæla landsbletti og draga þá upp á pappír í rjetttri mynd) Í 13. gr. eru taldar hinar
 bóklegu námsgreinir, er piltar fá til sögu í að vetrinum: a. Reikningur», b. Efnafræði (um
 samsetningu hinna helstu jarðtegunda, áburðartegunda, fóðurtegunda og fæðutegunda). c.
 Jarðræktarfræði. d. Grasafræði. e. Um áburðinn (gæði og gildi hinna einstöku áburð-
 artegunda m. m.) f. Um vatnsveitingar (áhrif þeirra, og skilyrðin fyrir því, að þær komi
 að notum). g. Hagfræði í landbúnaði (almenn skilyrði fyrir reglubundnum landbúnaði;
 búnaðarstefna eptir ásigkomulagi ábylis; búnaðaráhöld; verkafólk; ymisleg tilhögun, svo sem
 mataræði og búsaðdrættir; búreikningar). h. Uppdráttarlist (að skýra hugmyndir sínar
 um hús, einföld verkfæri og því um líkt með myndum. m. m.) 14. gr. um skyldu
 kennarans að útvega kennslubækur. Að því leyti ekki eru til notandi kennslubækur á
 íslensku í þeim námsgreinum, sem nefndar eru í 13. gr. er gjört ráð fyrir, að amtsráðið
 leitist við að fá samín og prentuð smárit um þessi atriði, en að öðru leyti á kennarinn
 að leiðbeina piltunum með fyrirlesturum. 15. gr. ákveður um árskýrslu er kennarinn á að
 senda amtsráðinu og amtsráðið að koma á prent, Í 16. gr. er tekið fram, að um
 styrk af almannaþje til kenslustofnunarinnar fari eptir samningum milli amtsráðsins og
 forstöðumannsins. 17. gr. »Forstöðumáðurinn skal í byrjun hvers kennsluárs lesa upp
 reglugjörð þessa fyrir kenslupiltunum, og að öðru leyti gefa þeim upplýsingu um ákvarð-
 anir hennar, þegar þeir kynnu að æskja þess. Slíkar upplýsingar skal hann og gefa öðrum,
 er þess fara á leit».

Reykjavík, 1. október 1880.

Bergur Thorberg.